

**Ed. 219. Frumvarp**

til laga um bann gegn útflutningi á sildarmjöli.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Útflutningur á sildarmjöli úr landinu er bannaður, nema leyfi landbúnaðarráðherra komi til.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða allt að 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:**

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um bann gegn útflutningi á sildarmjöli.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gerum kunnugt:* Með því að forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra  
Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að þar sem bændur víðsvegar á landinu hafi,  
vegna óvenjulegra óþurrka, ekki getað aflað nægilegra heyja til búa sinna,  
sé bráðnauðsynlegt að tryggja, að ekki verði fóðurskortur, en á þessu megi  
ráða nokkra bót með því að hanna útflutning á því sildarmjöli, sem til sé í  
landinu, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess, að setja samkvæmt 23. gr.  
stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um þetta efni.  
Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Útflutningur á sildarmjöli úr landinu er bannaður nema leyfi landbúnaðar-  
ráðherra komi til.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða allt að 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi  
við að lögum. Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lög-  
reglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gert á Amaliuborg, 26. september 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*